

Nd. 584. Frumvarp til laga

um fræðslu barna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Um skólaskyldu, undanþágu og kröfur við fullnaðarpróf.

1. gr.

Öll börn á landinu eru skólaskyld á aldrinum 7—14 ára. Skólaskyldan hefst 1. maí það almanaksár, sem barnið verður fullra 7 ára, og endar með fullnaðarprófi það ár, sem það verður fullra 14 ára.

2. gr.

Fræðsluráð getur veitt skólaverfum utan kaupstaða heimild til að ákveða, að skólaskylda í hverfinu skuli ekki hefjast fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur barna. Þar, sem slík ákvörðun er gerð, skulu heimilin annast sjálf og kosta barnafræðsluna fram að skólaskyldualdri, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugerð.

Nú hefir skólaverfi vanrækt fræðslu barna og hefir eigi skipazt við ítrek- aða áminningu fræðslumálastjóra, og getur þá fræðslumálastjórnin fyrirskipað skólaskyldu barna á aldrinum 7—10 ára í hverfinu.

3. gr.

Skólanefnd má veita undanþágu frá skólavist, ef trygging þykir vera fyrir því, að barn fái lögmælt fræðslu þrátt fyrir undanþáguna.

Skólanefnd má veita heimild til fullnaðarprófs börnum, sem eru yngri en 14 ára, þegar tryggt er, að barnið njóti framhaldsfræðslu til fulls 14 ára aldurs.

Heimilt er skólustjóra, í samráði við fræðsluráð eða skólanefnd í kaupstöð- um, að undanþiggja börn, sem ekki taka fullnaðarpróf, skólavist eftir 14. maí vegna sumardvalar, enda sé kunnátta barnsins og aðrar ástæður ekki til fyrirstöðu.

Skólanefnd varnar þeim börnum skólavistar, sem að dómi skólustjóra og kennara eru óhafandi með öðrum börnum sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni.

Þau börn eru undanþegin skólaskyldu, sem samkvæmt vottorði læknis skortir andlega eða líkamlega hæfileika til að stunda nám með öðrum börnum.

4. gr.

Hvert barna 10 ára að aldri á að geta lesið íslenskt mál skýrt og hiklaust, skrifað alla íslenska bókstafi og einföld orð skýrt og hreinlega og reiknað í hug- anum einföld dæmi um efni, sem því eru kunn.

5. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, er fullnaðarprófsskytt. Til fullnaðarprófs er krafizt:

1. að geta lesið móðurmálið skýrt, hljóðvillulaust og áheyrilega og sagt munn- lega frá því, er það les. Það skal og geta gert skriflega og nokkurnveginn ritvillulausa og mállýtalaus grein fyrir því efni, er það þekkir vel. Kunna skal það utanbókar nokkur íslensk kvæði og greina höfunda þeirra, eink- um ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rétt frá efni þeirra með eigin orðum.
2. að geta skrifað læsilega og hreinlega rithönd.
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringum valda kafla úr bibliunni eða biblíu- sögur, sérstaklega um líf og kenningu Krists. Skal lögð áherzla á, að það hugfesti einkum orð hans og hafi þau rétt eftir. Kunna skal barnið utan- bókar nokkra valda sálma.
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og vera leikið í að beita þess- ari kunnáttu til úrlausnar auðveldum dæmum, sem fyrir koma í daglegu

- lífi, meðal annars til að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta. Það skal og vera leikið í að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðar vorrar að fornu og nýju og um höfuðdrætti í sögu þjóðarinnar.
 6. að vera leikið í að nota landabréf og hafa fengið sem ljósasta þekkingu á áttögum sínum, náttúru Íslands, högum þjóðar vorrar og þjóðskipulagi. Það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helztu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á lmettinum og hafa fengið nokkra fræðslu um eðlishætti jarðar og stöðu hennar í sólkerfinu.
 7. að hafa vanizt á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim, það skal vita um helztu atriði, er að hollustuháttum lúta, meðal annars um áhrif heilsuspillandi nautna-meðala, t. d. vínanda og tóbaks, og hafa nokkra þekkingu á byggingu og störfum mannlegs líkama. Ennfremur skal það þekkja nokkrar íslenskar jurtir og geta skýrt frá lifnaðarháttum og einkennum helztu dýra, einkum innlendra.
 8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslensk ættjarðarljóð.
 9. að geta gert einfaldar dráttmyndir.
 10. að hafa fengið nokkra tilsögn í handiðju og
 11. að hafa stundað leikfimi, a. m. k. þá leikfimi, sem hægt er að stunda áhaldalítið og án sérstaks húsnæðis.
- Útlend tungumál má ekki kenna í barnaskólum nema þeim börnum, sem eru orðin vel læs, skrifa móðurmálið ritvillulítið og eru vel að sér í íslenskri greiningu.

6. gr.

Heimilt er skólancefnd (í Reykjavík fræðsluráði), með samþykki fræðslumálastjórnar, að ákveða í reglugerð skóla, að kenna skuli fleiri námsgreinar en í 5. gr. segir.

II. KAFLI

Um skólahald og kennsluskipun.

7. gr.

Í hverju skólahverfi skal gera skólahús á hentugum stað, sem fræðslumálastjórn samþykkir, heimangönguskóla þar, sem staðhættir leyfa, en heimavistar-skóla þar, sem þess er óskað og heimangöngu verður ekki við komið sakir vegalengda í skólahverfinu. Framfærandi barns kostar skólavist þess í heimavistar-skóla.

Lágmark árlegs námstíma skólaskyldra barna er:

- a. Í heimangönguskólum með 3 kennara eða fleiri:
 1. Fyrir 7—9 ára börn 33 vikur á ári, 500 kennslustundir.
 2. Fyrir 10—14 ára börn 21 vikur á ári, 700 kennslustundir.

b. Í heimangönguskólum með 1--2 kennurum:

1. Fyrir 7--9 ára börn 33 vikur á ári, 500 kennslustundir.

2. Fyrir 10--14 ára börn 24 vikur á ári, 600 kennslustundir.

Í heimangönguskólum í sveitum er þó eigi skylt að ætla hverju barni meiri kennsluviknafjölda en í heimavistarskólum.

c. Í heimavistarskólum á hvert skólaskyldt barn að stunda nám minnst 12--13 vikur á ári, og séu námsvikur aldrei færri en 88 samtals á aldrinum 7--14 ára, nema undanþága hafi verið veitt. Nú er undanþága frá skólahaldi fyrir yngri börn en 10 ára veitt heilu skólahverfi, og á þá námstími 10--14 ára barna að vera minnst 16 vikur á ári.

Heimilt er, með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, að færa námstíma til milli aldursflokka, enda verði samantaldar kennslustundir eða námsvikur á hvert barn á skólaskyldualdri þess aldrei færri en áður er talið.

8. gr.

Nú óhlýðnast framfærandi skólaskylds barns fyrir mælum þessara laga, og varðar það dagsektum, 2--5 kr., eftir úrskurði valdsmanns. Sé um alvarlegt brot að ræða, getur skólastjóri skotið málinu til barnaverndarnefndar til frekari aðgerða.

9. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir fátæktar sakir ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólavist þess, skal sá kostnaður að einhverju eða öllu leyti, eftir ákvörðun hreppsnefndar (fátækra stjórnar), greiddast úr fræðslusjóði (hæjarsjóði) sem önnur gjöld til skólalahalds. Umsóknir um slíkan styrk séu komnar til skólanefndar fyrir 30. okt. ár hvert.

10. gr.

Hin lögskipaða fræðsla skólaskyldra barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr fræðslusjóði (hæjarsjóði) að öðru en því, sem lagt er fram úr rikissjóði. Greiða skal sérstaklega úr rikissjóði til heimavistarskóla fé sem svarar ráðskonukaupi, og úrskurðar fræðslumálastjórnin til 5 ára í senn, hve há sú fjárhæð skuli vera.

Lögskipaða fræðslu þeirra barna, sem fá undanþágu frá skólaskyldu, skulu heimilin annast á sinn kostnað.

III. KAFLI

Um skólahverfi og skólanefndir, fræðsluhéruð og fræðsluráð.

11. gr.

Hver sýsla og hver kaupstaður í landinu er fræðsluhérað út af fyrir sig. Þó skal sameina hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarar sýslu, ef slíkt hentar betur vegna staðháttanna, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir.

Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju.

12. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir af nýkosinni bæjarstjórn með hlutfallskosningu, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Bæjarstjóri eða sýslumaður er sjálfkjörinn formaður fræðsluráðs.

Nú er kaupstaður aðeins eitt skólahverfi, og skal þá fræðsluráðið jafnframt vera skólanefnd kaupstaðarins, enda skipar fræðslumálastjórnin þá formanninn.

Í hverju skólahverfi er skólanefnd skipuð 3 mönnum, og skulu 2 þeirra kosnir samtímis og hreppsnefnd utan kaupstaða, en í kaupstöðum af nýkosinni bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Nú eru 2 hreppar eða fleiri í skólahverfi, og setur fræðslumálastjórnin þá reglur um kosning skólanefndarmanna í samræmi við fólksfjölda. Þegar svo á stendur, er heimilt, að 5 menn séu í skólanefnd.

Fræðslumálastjórnin skipar formenn skólanefnda.

Um atkvæðisrétt og kjörgengi í skólanefndir gilda sömu reglur og um sveitarstjórnarkosningar. Varamenn skulu kosnir á sama hátt og aðalmenn og samtímis.

13. gr.

Formaður kallar fræðsluráð eða skólanefnd saman til fundar svo oft sem þörf krefur. Skytt er honum að kveðja nefndina til fundar, þegar þess er krafizt af einum nefndarmanna eða skólastjóra. Skólastjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar og hefir þar málfrelsi og tillögurétt.

Fræðsluráð eða skólanefnd getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þegar atkvæði eru jöfn, skal atkvæði formanns ráða. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn skólanefndarmaður hefir atkvæðisrétt um þau mál, er snerta hann sjálfan.

14. gr.

Skólanefnd hefir umsjón með allri barnafræðslu í skólahverfi sínu. Hún auglýsir eða lætur auglýsa kennarastöður, þegar þær eru lausar, og tekur á móti umsóknum um þær.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með eigi færri en þremur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu, sem auglýst hefir verið, og telur hún þá þann umsækjanda fyrstan, er hún mælir fastast með, og síðan aðra í þeirri röð, er hún telur að þeir komi til greina. Nú hafa þrjár eða fleiri kennarastöður verið auglýstar, og er skólanefnd þá eigi skytt að mæla með fleiri en tveimur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu.

Skytt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en námsstjóra, ef um skólastjóra er að ræða. Verði ágreiningur um umsækjendur innan skólanefndar eða milli skólanefndar annarsvegar og skólastjóra eða námsstjóra hinsvegar, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnarinnar, og skal fylgja tillögnum rökstudd greinargerð.

Stundakennara og forfallakennara ræður skólastjóri í samráði við skólanefnd.

Skólanefnd hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna í skólahverfinu

og annast um það, með aðstoð skólustjóra, að skólavistin komi þeim að sem fyllstum notum. Skytt er henni að hafa umsjón með skólahúsum og annast um, að herbergi þau, sem þar eru ætluð til kennslu og íbúðar, séu útbúin í fullu samræmi við þær reglur, sem heilbrigðisstjórnin setur. Hún sér um útvegum kennsluáhalda þeirra, sem skytt er að hafa í skólum, semur eða felur skólustjóra að semja skýrslur um skólaskyld börn í skólahverfinu og áætlun um útgjöld vegna skólahalds næsta ár, og sendir hvorttveggja fræðsluráði innan þess tíma, er það ákveður.

Útan kaupstaða skal einn skólanefndarmanna vera féhirðir skólans. Hann tekur á móti því fé, sem veitt er úr fræðslusjóði til skólahalds í skólahverfinu, og annast allar greiðslur fyrir skólann. Í lok hvers reikningsárs semur hann reikning yfir tekjur og gjöld skólans og leggur hann fyrir skólanefnd. Síðan skal senda reikninginn fræðsluráði til endurskoðunar og samþykktar.

Afrit af reikningum skal senda fræðslumálastjóra.

Reikningsár skólanna er almanaksárið.

Aðrar framkvæmdir fyrir skólanefnd hefir formaður á hendi eða felur þær einstökum nefndarmönnum, enda ber honum að sjá um, að störf nefndarinnar séu vel af hendi leyst.

Fræðslumálastjórnin gefur út fyrirmyndir að skólareglugerðum, aðra fyrir heimangönguskóla og hina fyrir heimavistarskóla. Skólanefnd semur síðan frumvarp til reglugerðar og sendir það fræðslumálastjórninni til staðfestingar.

Skólanefnd sér um alla skýrslugerð, sem fræðslumálastjórnin heimtar um hag barnafræðslunnar í skólahverfinu.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og fræðsluráðs eða fræðsluráðs og bæjarstjórnar (sýslunefndar) um fjárframlög til skólahalds, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

IV. KAFLI

Um fræðslusjóði og skólabyggingarsjóði.

15. gr.

Í hverju fræðsluhéraði getur sýslunefnd, að fengnum tillögum hreppsnefnda, stofnað fræðslusjóð, er stendur straum af árlegum útgjöldum til barnafræðslunnar. Þegar fræðsluráð hefir gert heildaráætlun um kostnað við skólahald í fræðsluhéraðinu, að fengnum skýrslum og áætlunum skólanefnda, skal reikna út meðaltalskostnað á hvert barn í fræðsluhéraðinu. Skal síðan heildarkostnaðinum af barnafræðslunni jafnað niður á hreppa fræðsluhéraðsins í hlutfalli við tölu skólaskyldra barna í hverjum hreppi. Jafna skal niður svo hárrí fjárhæð árlega, að öruggt megi telja, að hún hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins næsta ár, auk tillags til skólabyggingarsjóðs samkv. 16. gr.

Fræðslusjóðsgjald skal innheimt með sýslusjóðsgjaldi og á sama hátt.

Þar, sem ekki eru stofnaðir fræðslusjóðir, fer um greiðslu kostnaðar við barnafræðslu eftir nügildandi reglum.

16. gr.

Heimilt er að stofna skólabyggingarsjóð í fræðsluhéraði eða hluta fræðsluhéraðs utan kaupstaða, og skal honum varið til skólabygginga, viðhalds og endurbóta á skólalóðum og vaxta og afborgana af lánum, sem tekin hafa verið til slíkra bygginga.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. Allt að 10% af þeim tekjum sýslusjóðs, sem lagðar eru á hvern hrepp eftir skattaframtali, íbúatölu og fasteignamali.
- b. Allt að 20% af tekjum fræðslusjóðs héraðsins.
- c. Andvirði gamalla skólalóða og skólalóða, er seld kunna að verða.
- d. Samskot, gjafir, vinnuloforð o. fl., sem sjóðnum kann að áskotnast.

Heimilt er, að framlög skólalóðanna til sjóðsins séu séreign hvers hverfis um sig, þegar þess er óskað.

Fræðsluráð getur fyrirskipað stofnun skólabyggingarsjóðs fyrir skólalóðum, sem telst hafa vanrækt skyldur sínar um bygging skólalóða eða viðhald, ef skólalóðnefnd skólalóðanna hefir ekki bætt úr vanrækslunni eftir ítrekaða áskorun fræðsluráðs.

Nú á skólalóðum skólalóða og lóð, þegar heimild þessa kafla kemur til framkvæmda, og skal húsið og lóðin þá falla til skólabyggingarsjóðs, en matsverð eignarinnar telst þá framlag skólalóðanna til sjóðsins og séreign þess, þegar óskað er.

17. gr.

Fræðsluráð hefir á hendi stjórn fræðslusjóðs og skólabyggingarsjóðs.

Fræðsluráð og skólalóðnefnd annast um framkvæmdir á byggingu nýrra skóla, endurbótum og viðhaldi.

18. gr.

Skólalóðir skulu byggðar í þeirri röð, sem fræðslumálastjórnin ákveður, að fenginni umsögn fræðsluráðs.

Ríkissjóður greiðir allt að þriðjung kostnaðar við að reisa heimangöngu-skóla utan kaupstaða, en helming kostnaðar við byggingu heimavistarskóla af því fé, sem til þess er veitt í fjárlögum ár hvert.

Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólalóðanna eða skólabyggingarsjóðs, eða afnotaréttur hennar sé tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi, og að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt stærð hennar, skólalóðnefndin og uppdrátt að húsinu, og að það sé byggt undir eftirliti trúnaðarmanns hennar.

V. KAFLI

Um einkaskóla.

19. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að lögilda barnaskóla, sem reknir eru fyrir fé einstakra manna eða stofnana, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er

hún samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar.

Kennarar við slíka skóla verða að uppfylla öll skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða um rétt til að kenna í barnaskólum landsins.

Fyrir þau börn, er slíka skóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 2. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda viðkomandi skólanefnd í hreppum og fræðsluráði í kaupstöðum skýrslu um það, hvaða börn sækja skólann, og tilkynna sömu aðiljum allar breytingar jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga slíkir skólar heimtingu á styrk af almannafé.

VI. KAFLI

Um próf.

20. gr.

Próf skal árlega halda í kunnáttu og leikni allra harna frá 8—14 ára aldurs. Prófdómarar skulu vera við fullnaðarpróf og landspróf, og eru þeir skipaðir af skólanefnd.

Prófdómarar hafa sama kaup og stundakennarar.

Kostnaður við próf greiðist úr fræðslusjóði.

Próf skulu haldin að lokinni kennslu, og þó aldrei fyrr en 1. apríl.

Nú kemur prófskylt barn ekki til prófs án gildra forfalla, og er þá heimilt að leita aðstoðar lögreglustjóra til þess að barnið verði prófað og að beita sektarákvæðum 8. gr.

Heimilt er, ef barn kemur ekki á prófstað, að prófa það á heimili þess.

21. gr.

Nú hefir 14 ára barn ekki náð þeirri kunnáttu, sem áskilin er í 5. gr., og skal þá skólanefnd, í samráði við skólustjóra, sjá því fyrir frekari fræðslu, unz það stenzt próf í þeim námsgreinum, er því var einkum ábótavant í, en skólustjóri og skólalæknir ákveða, hvers krafizt skal af barninu til fullnaðarprófs.

22. gr.

Þau börn, sem með fullnaðarprófi hafa sýnt, að þau hafi lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af skólustjóra (eða prófanda) og prófdómara.

23. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um tilhögun prófa og skýrslur þær, er henni skal senda árlega um prófin.

24. gr.

Prófdómarar skulu undirrita prófskýrslur ásamt skólustjóra og senda skólanefnd eða námsstjóra skriflegt álit sitt um kennsluna og skólastarfið, ef þess er óskað.

VII. KAFLI

Um námsstjóra.

25. gr.

Eftirlitsmenn skulu skipaðir með barnafræðslunni í landinu þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, og nefnast þeir námsstjórar. Skulu valdir til þess starfs hinir hæfustu barnakennarar. Skal fræðslumálastjórnin skipta landinu í allt að 6 eftirlitssvæði, og sé einn námsstjóri fyrir hvert. Skulu námsstjórar hafa eftirlit með kennsluskipun, kennsluaðferðum og árangri kennslunnar samkvæmt erindisbréfi, er fræðslumálastjórnin setur.

26. gr.

Fræðslumálastjórnin gefur út erindisbréf fyrir kennara, skólastjóra, námsstjóra, skólanefndir og fræðsluráð. Skal þar nánar tekið fram um skyldur þeirra og störf. Hún skal og í samráði við skólaráð semja skrá yfir þau kennslutæki, er hverjum skóla ber að hafa til afnota.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Lækniseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir því, sem fræðslumálastjórnin ákveður í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna.

28. gr.

Lögboðin leyfi í barnaskólum landsins skulu vera þessi:

1. desember, jólafri frá 16. des. til 3. jan., að báðum dögum meðtöldum, öskudagurinn, páskaleyfi frá pálmásunnudegi til 3. í páskum, að báðum dögum meðtöldum, sumardagurinn fyrsti og hvítasunnuleyfi frá laugardegi til þriðjudags, að báðum dögum meðtöldum.

Þó má í reglugerðum einstakra skóla setja önnur ákvæði um jólaleyfi.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru frá sama tíma numin úr gildi lög um fræðslu barna, nr. 40 1926, og önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar, sem ekki eru komnir heimangöngu- eða heimavistarskólar, og á meðan svo stendur, gilda ákvæði hinna eldri fræðslulaga um farkennara og farkennslu,

sbr. þó ákvæði 11. og 12. gr. Tala kennslustaða í farskólahéruðum skal ákveðin í samráði við fræðslumálastjóra.

Þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, skal fram fara rannsókn á því, hvernig hagkvæmast verði að skipta landinu í skólahverfi. Að þeirri rannsókn lokinni gerir fræðslumálastjórnin tillögur um skiptingu og leggur þær fyrir skólancefndir og fræðsluráð. Nú næst ekki samkomulag milli þessara þriggja aðilja, og ræður þá fræðslumálastjórnin úrslitum.

Hvert skólahverfi hefir rétt til eins kennara, en kennarafjölgun skal miða við, að 50 börn á aldrinum 7—14 ára eða 30 börn 10—14 ára komi á hvern kennara að jafnaði við heimangönguskóla, og 40 börn á aldrinum 10—14 ára við heimavistarskóla, en 20 í farskólum. Þó er fræðslumálastjórninni heimilt að vikja frá þessum ákvæðum, ef staðhættir og skilyrði leyfa ekki samflutning.

Ákvæði þessi skulu framkvæmd jafnóðum og kennarastöður losna.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði styrk til stundakennslu, þegar kennarahald sparast við það, hlutfallslega jafnháan og nemur framlagi ríkissjóðs til kennaralauna.

Skólastjórar í kaupstöðum, þar sem eru 20 barnakennarar eða fleiri, taka laun fyrir tvo mánuði umfram barnakennara, og skólastjórar í öðrum kaupstöðum, í kauptúnum með yfir 1000 íbúa og við heimavistarskóla, fyrir einn mánuð umfram kennslutíma.

Heimilt er fræðsluráði, með samþykki kennslumálaráðherra, að ákveða til eins árs í senn, fyrir kauptún og kaupstaði, að skólaskylda skuli gilda þar yfir sumartímamann fyrir börn, sem byrjuð eru á skólagöngu, en hafa ekki lokið fullnaðarprófi, ef þau eru iðjulaus á heimilum sínum. Skulu fastir kennarar skólans kenna þeim íþróttir, leikfimi, skógrækt, garðrækt, handavinnu og smíðar, eftir reglugerð, sem samin er af kennslumálaráðuneytinu. Það skal talið fullt starf, ef kennari hefir á þann hátt umsjón með 50 börnum 5 stundir á dag. Enginn kennari má þó taka kaup samanlagt fyrir meira en 44 vikur.

Skólastjórar og kennarar í heimavistarskólum skulu ekki skipaðir fyrr en eftir þriggja ára reynslutíma.